

Tilveran tekin föstum tökum

Íslenska sendinefndin í Berlín: Sigrún Árnadóttir framkvæmdastjóri Rauða kross Íslands, Jóhann Thoroddsen deildarstjóri í sátrænni skyndihjálp, Karen Erla Erlingsdóttir stjórnarmaður, Anna Prúður Þorkeldsdóttir formaður og Guðjón Magnússon fyrrverandi formaður, sem stjórnaði vinnustofu um heilbrigðismál á ráðstefnunni.

Stefnumörkun í málefnum innflytjenda

Fulltrúar 50 landsfélaga Rauða krossins og Rauða hálfmánans í Evrópu komu saman í Berlín í apríl og samþykktu tímamótayfirlýsingu í málefnum innflytjenda. Með yfirlýsingunni skuldbinda félögin sig til að vinna gegn fordómum gagnvart útlandingum og að tala máli innflytjenda sem búa við miklar þrengingar, svo sem þeirra sem ekki hafa aðgang að velferðarkerfinu.

Rauði krossinn ætlar líka að benda stjórnvöldum á staðreyndir í málefnum innflytjenda.

„Aukinn straumur fólks til Evrópu og innan Evrópu er ekki bara hugsanlegur eða líklegur heldur óhjákvæmi-

leg staðreynd,“ sagði Didier Cherpitel framkvæmdastjóri Alþjóðasambands Rauða kross félaga í lokaræðu ráðstefnunnar.

„Þess vegna eru tilraunir stjórnvalda til að stemma stigu við innflutningi á fólki með því eingöngu að þrengja reglur um flóttamenn, efla lögregluaðgerðir og herða dómstólameðferð ekki til þess fallnar að stöðva eða hægja á innflutningi fólks – heldur einungis fela hann. Ef slíkum aðgerðum er á hinn bóginn fylgt eftir með reglum sem gefa möguleika á að veita dvalarleyfi, annaðhvort tímabundið eða til frambúðar, þá er hægt að draga úr misnotkun í hælisleitendakerfinu. Þetta mundi síðan hægja á ólöglegum innflutningi, en



hann leiðir af sér þjáningar hundruða þúsunda manna á hverju ári.”

Evrópsku Rauða kross félögin beindu líka athygli sinni að sjúkdómum, einkum berklum og alnæmi, sem nú breiðast út með ógnarhraða í austurhluta álfunnar. Staðreyndin er að berklar, þessi forni fjandi sem flestar þjóðir töldu sigraðan, munu á árinu 2002 koma fleirum í gröfina en nokkru sinni fyrr. Rauði krossinn aðstoðar einkum með því að hlyna að berklasjúklingum og sjá til þess að þeir séu nógu hraustir til að geta losað sig við bakteríuna.

Önnur staðreynd er að alnæmi breiðist út eins og eldur í sinu í gömlu Sovétríkjunum og Austur-Evrópu. Um 250 þúsund manns smituðust

þar af alnæmi á síðasta ári. Rauða kross félögin einsettu sér að vinna gegn þessum bölvaldi, jafnvel með umdeildum ráðum eins og að gefa fíkniefnaneytendum ókeypis hreinar sprautunálar.

Hjálp

2. tölublað, 9. árgangur, maí 2002

Útgefandi:

Rauði kross Íslands
Efstaleiti 3, 103 Reykjavík
Sími: 570 4000 Fax: 570 4010
Netfang: central@redcross.is

Veffang: www.redcross.is

Ritstjóri og ábyrgðarmaður:

Þórir Guðmundsson

Umsjón: Lóa Aldísardóttir

Netfang: thorir@redcross.is

Útlit: Mátturinn og dýrðin

Umbrot: Blaðasmiðjan

Prófarkalestur: Möður Árnason

Prentun: Prentsmiðjan Oddi

Upplag: 30.000

Stjórn Rauða kross Íslands:

Anna Prúður Þorkeldsdóttir
formaður
Gunnlaugur Dan Ólafsson
varaformaður
Sigurður Arnar Sigurðsson ritari
Ólafur Ólafsson gjaldkeri
Helga Bára Bragadóttir
Jóhannes Rúnar Jóhannsson
Karen Erla Erlingsdóttir
Sveinborg Sveinsdóttir
Torben Friðriksson
Guðný Sigurðardóttir

Framkvæmdastjóri:

Sigrún Árnadóttir

Þátttaka í starfi Rauða krossins er persónulegur ávinningur

Yfirlýst meginmarkmið Rauða kross hreyfingarinnar er að lina og koma í veg fyrir þjáningar fólks. Með því er Rauði krossinn að taka á sig mikla ábyrgð og skuldbindingar gagnvart þjóðfélagshópum og fólki sem af einhverjum ástæðum á í erfiðleikum. Alvarleg tíðindi geta á svipstundu gerbreytt öllum aðstæðum manna. Fólk sem lifir eðlilegu lífi, á húsnæði, hefur atvinnu og elur með sér vonir og væntingar um framtíðina, getur séð á bak öllu í einu vetfangi. Af ýmsum ástæðum gleymist líka stundum að sinna þörfum ákveðinna skilgreindra þjóðfélagshópa. Þegar þannig er ástatt er mikils um vert að til séu sterk og vel skipulögð samtök fólks sem byggja framlag sitt á sjálf-

boðnu starfi – samtök sem hafa mannúð að markmiði, láta sig varða líf annarra og aðstæður, og njóta trausts innanlands og á alþjóðlegum vettvangi. Í þessu felst sérstaða Rauða krossins sem hreyfingar. Til þess að starf okkar skili sem bestum árangri þurfa gæði og trúverðugleiki að vera í fyrirrúmi. Vinna í þágu þeirra sem þurfa á aðstoð að halda verður að hafa forgang við nýtingu tíma og



Gunnlaugur Dan Ólafsson, varaformaður Rauða kross Íslands, skrifar

fjármuna. Krafan um vönduð og skilvirk vinnubrögð verður sífellt að vera viðfangsefni okkar. Rauði kross Íslands byggist á starfi sjálfbóðaliða í 51 deild víðsvegar um landið. Þar er hið raunverulega grasrótastarf unnið. Starfið veitir sjálfbóðaliðum deilda reynslu, þjálfun og tækifæri til þess að taka þátt í gefandi verkefnum. Allir eiga þess kost að vaxa og þroskast í starfi. Ávinningurinn er því tvíþættur, annars vegar er unnið að hugsjónum Rauða krossins og hins vegar er persónulegur ávinningur hvers og eins.

Einn eða tveir dagar í Afganistan

Ræningjar, gljúpur jarðvegur, jarðsprengjur og snarbrattar vegleysur í hrikalegu fjalllendi eru meðal þess sem þurfti að varast á ferðalagi Hlér Guðjónssonar, sendifulltrúa Rauða kross Íslands, og liðs frá Alþjóða-Rauða krossinum til að meta skemmdir af völdum flóða í norðurhluta Afganistans.

Þegar rignir á eyðimörkina á vorin breytast sviðnar auðnirnar í jurtagarð á nokkrum dögum. Skyndilega er landið þakið rauðum, gulum og bláum blómum svo langt sem augað eygir. Malarholt þar sem ekki var stingandi strá fyrir viku eru orðin að skrautlegum grasgördum.

Rigningar eru hinsvegar sjaldgæfar. Fólkið sem býr á mörkum þessara víðáttumiklu eyðilendna veit að gróðurinn er ekki langlífur. Innan nokkurra vikna verða skrautleg blómín sölnuð. Grasið visnar þegar steikjandi sumarsólin fer að baka ávalar hæðirnar, sandurinn tekur völdin á ný og eyðimörkin fær aftur sinn vanalega gulbrúna og skorpna lit.

Enginn Afgani lætur glepjust af þessari skammlífu feðurð og reynir að setjast hér að, og þeir sem aka endalausa moldartroðningana gegnum blómskrúðið sjá ekki annað til mannaferða en stöku úlfaldalest eða jeppa. Vegurinn er seinfarin, jepparnir festast hvað eftir annað í forinni og ferðin tekur óratíma.

Jeppaslóðin skánar ekki þó að komið sé út úr eyðimörkinni og ferðalangar fara að sjá akra og þyrpingar af leirkofum. Drullan úr djúpum pollum slettist yfir framrúðuna og forareðjan þekur hvíta bílana. Við mætum nokkrum stórum fjórhjóladrifnum vörubílum af rússneskri gerð, pallarnir fullir af flóttamönnum á leið heim frá Íran. Þessi þungu tæki sökku í blautan jarðveginn og þarf ekki marga til að gera slóðina nánast ófæra öðrum farartækjum. Það þarf hins vegar meira en svolitla drullu til að stöðva þessa stóru trucka og þeir þokast áfram hægt en örugglega.

Það þarf að gefa gaum að fleiru en ófærðinni þegar menn ferðast um

Afganistan. Ræningjar sitja víða um ferðalanga og við kynntum okkur öryggisástand á svæðinu vandlega áður en lagt var í þessa fjögurra daga ferð á flóðasvæðin. Það var orðið langt síðan tilkynnt hafði verið um teljandi vandræði á þessari leið. Við sjáum sjaldan vopnaða menn og þá yfirleitt fáa saman og ríðandi, oftast með gamla riffla eða lítil flugskeyti á bakinu.

Það tók allan daginn að aka frá Mazar-i-Sharif og gegnum eyðimörkina til bæjarins Maimanah í Faryab-héraði. Faryab er í norðurhluta Afganistans við landamæri Túrkménistans. Þrjú ár af alvarlegum þurrkum hafa valdið gifurlegum erfiðleikum og látlausar stýrjaldir hafa ekki bætt úr skák. Nú voru það hinsvegar flóð sem spillt höfðu ökrum og matjurtagörðum íbúa í afskekktum fjallaþorpum og margar fjölskyldur höfðu tapað öllum matarforða sínum.

Áfangastaðurinn var fjallaþorpið Deh Miran í Gurzewan-sýslu og á öðrum degi héldum við áfram frá Maimanah upp um hrikaleg fjalla-skörð þar sem moldartroðningarnir voru oft lítið meira en rispur í snarbrattar hlíðarnar. Meðfram veginum má sjá minjar um bardaga síðastliðinna áratuga. Gamlir brynvagnar og skriðdrekar frá Rauða hernum varða leiðina. Ótrúlegur fjöldi stríðstækja hefur verið skilinn eftir og oft sjást engin merki um að vígtól þessi hafi verið eyðilögð í bardögum.

Víða mátti sjá yfirgefnar fallbyssur standa vörð um djúpa dalina, eða skriðdreka sem runnið höfðu út af veginum. Þegar við mjökuðumst framhjá þeim á vegleysunni á fimm til tíu kílómetra hraða var auðvelt að skilja hvers vegna Rússarnir skildu þessar vélar eftir.

Útsýnið var stórfenglegt af hæstu tindum. Snævi þakta fjallgarða bar við himin og lengst niðri í djúpum dölunum mátti sjá litlar gulbrúnar húsabyrpingar. Íbúarnir á þessum svæðum rækta hveiti um öll holt og hæðir, oft í ótrúlegum



Hlér Guðjónsson sendifulltrúi skrifar

bratta þar sem útilokað væri að koma dráttarvélum.

Vegurinn versnaði enn og jepparnir festust hvað eftir annað. Við þurftum að fara yfir stórar ár, mórauðar og bólgnar eftir rigningar undanfarinna daga. Oft var freistandi að fara út af slóðinni, en það er mjög varasamt að aka þar sem ekki sjást nýleg hjólför. Enn eru þúsundir jarðsprengna meðfram vegum landsins og slys af völdum þeirra algeng.

Það var orðið áliðið dags þegar við loks komumst til Deh Miranþorps. Eftir að hafa skoðað flóðaskemmdir á ökrum og húsum reyndum við að brjótast áfram til næsta þorps en drullan var svo mikil að

báðir bílarnir sneru aftur við illan leik. Engin leið að komast aftur til Maimanah fyrir myrkur. Samkvæmt öryggisreglum mega starfsmenn Alþjóðasambandsins ekki vera á ferð á þessum slóðum eftir að skyggja tekur, og nú áttum við ekki annarra kosta vöð en að halda kyrru fyrir í þessu litla þorpi þar sem allir bjuggu í leirkofum, án skóla, heilbrigðisþjónustu, síma eða rafmagns. Það eina sem minnti á nútímann voru AK-rifflar og flugskeyti vopnaðra sveita stríðsherrans sem á þetta þorp og nokkur fleiri.

Rahim stríðsherra í Deh Miran hafði barist með Norðurbandalaginu undanfarin tvö ár. Þar áður hafði hann verið stríðsfangi talibana í Kandahar, en fengið frelsi á ný í fangaskiptum sem Alþjóðaráð Rauða krossins lagði grunn að. Stríðsherrann bauð okkur að gista í virkinu hjá sér og við settum bílana inn fyrir háa og þykka leirveggina. Okkur var boðið til stofu og síðan voru bornar á borð fyrir okkur kræsingar miklar. Það var lítil rafstöð í húsinu, sjónvarp og DVD-spilari, og hermaðurinn sem þjónaði til borðs dró fram íranska diska með syngjandi magadansmeyjum, nokkuð sem fékk góðar undirtektir meðal hinna afgönsku fylgdarmanna minna, enda var sjónvarp bannað árum saman á tímum talibana. Þeir struku ánægðir nýrakada vanga, glaðir að þurfa ekki að óttast hýðingar og fangelsi fyrir að hafa fjarlægt skeggslubbann. „Svona á að lifa,” las ég úr brosandí andlitum meðan þeir slógu taktinn við gjallandi tónana úr rifnum hátölurum.

Átökin fyrir botni Miðjarðarhafs

Í síðan önnur uppreisn Palestínanna hófst á herteknu svæðunum hafa Alþjóðaráð Rauða krossins, Alþjóðasamband Rauða kross félaga, palestínski Rauði hálfmáninn og ísraelska Rauða Davíðsstjarnan haldið úti kröftugu hjálparstarfi við afar erfiðar aðstæður. Samskipti við Ísraelsher hafa hins vegar hamlað mjög hjálparstarfi. Alþjóðaráð Rauða krossins hefur verið í Ísrael síðan 1967 og starfar samkvæmt undirrituðum samningum við bæði stjórnvöld í Ísrael og heimastjórn Palestínanna. Hlutverk ráðsins er meðal annars að fylgjast með því að óbreyttir borgarar njóti verndar, heimsækja fanga í haldi beggja stjórna og aðstoða þurfandi á herteknu svæðunum. Um 50 sendifulltrúar eru á vegum Alþjóðaráðsins fyrir botni Miðjarðarhafs og um 100 staðarráðnir starfsmenn.

Í kjölfar árása Ísraelshers á herteknu svæðunum undanfarið hefur ástandið hríðversnað í sífellu.

- Í mars voru þrjár bráðaliðar felldir, þeirra á meðal tveir starfsmenn palestínska Rauða hálfmánans. Annar þeirra var dr. Khalil Suleiman, yfirmaður bráðabjónustu í Jenín.
- Hinn 8. mars fór Alþjóðaráðið opinberlega fram á að deiluaðilar virtu grið hjálparstarfsmanna.
- Hinn 21. mars varð bráðaliði palestínska Rauða hálfmánans fyrir sprengjubrotum en skothelt vesti bjargaði lífi hans.
- Hinn 27. mars sagðist Ísraelsher hafa fundið sprengju í sjúkrabíl Rauða hálfmánans – en Rauði hálfmáninn lýsti síðar grun sínum um að sprengjunni hefði verið komið fyrir.

- Hinn 2. apríl fordæmdi Alþjóðaráðið árásir á hjálparstarfsmenn og minnti alla þá sem halda úti vopnuðum sveitum á herteknu svæðunum á Fjórða Genfarsamninginn um vernd óbreyttra borgara.
- Hinn 5. apríl ákvað Alþjóðaráðið að takmarka mjög umsvif sín á herteknu svæðunum eftir að hætta við flutninga á særu og slösuðu fólki.

Aðgerðir Ísraelshers hafa oftsinnis orðið til þess að hjálparstarfsmenn sem eru kirkilega merktir hinum alþjóðlegu verndartáknum Rauða krossins eða Rauða hálfmánans hafa særst eða jafnvel látið lífið. Fyrrihluta aprílmánaðar eyðilögðu skriðdrekar Ísraelshers sex sjúkrabíla meðal annars með því að aka yfir þá. Ibrahim Assad, fertugur bráðaliði

palestínska Rauða hálfmánans, féll fyrir skotum ísraelskra hermanna þar sem hann var við skyldustörf í Tulkarem á Vesturbakkanum 7. mars. Tveir aðrir heilbrigðisstarfsmenn palestínska Rauða hálfmánans særðust í skotárásinni. Í kjölfarið samþykkti stjórn Rauða kross Íslands að lýsa verulegum áhyggjum yfir síendurteknum árásum á sjúkrabíla í átökunum á herteknu svæðunum, en slíkar árásir eru augljós og gróf brot á Genfarsamningunum.

Fulltrúi Alþjóða Rauða krossins lýsti vonbrigðum með þá afstöðu Ísraelsstjórnar að neita að hafa samráð við Rauða krossinn um leiðir til að koma í veg fyrir árásir á sjúkrabíla.

Flóttamannabúðirnar í Jenín

Starfsfólk Alþjóðaráðsins og palestínska Rauða hálfmánans hefur unnið

Nafnlausar hetjur í Ísrael

Viðtal við ísraelsku sjúkrabíla og parið Yaniv Ben-Yosef og Ayelet Lifshitz.

Yaniv: „Sprengjan sprakk mjög nærri heimili okkar nú síðast. Við vorum í miðju myndbandi og ég var ferlega spenntur að sjá hvernig myndin endaði en við stukkum samt á fætur, náðum í vestin okkar og hlupum niður stíganu. Úti á götu stóð fólk óskrandi af hræðslu og menn bentu okkur í áttina að Moment-kaffihúsinu, hverfiskaffihúsinu okkar. Hávaðinn var ærandi, sírenur og móðursýkisleg óskur allt um kring. Menn voru farnir að flytja burt hina slösuðu og við tókum líka til starfa.“

Þegar búið var að sinna þeim sem lágu í garði kaffihússins og voru alvarlegast slasaðir fórum við inn í sjálfa bygginguna. Og þá, skyndilega, hvolfðist hún yfir okkur þessi óhugnanlega þögn. Þögn dauðans. Það er ekkert ágengara

eða erfiðara en þögn dauðans. Hún eltir þig hvert fótímal og kemur þér úr jafnvægi í margar, langar klukkustundir á eftir. Eltir þig uppi eins og djöfullinn sjálfur.“

Ayelet: „Við Yaniv höfum bæði verið í Magen David Adom í tíu ár. Ég gekk til liðs við hreyfinguna bara 15 ára krakki. Yaniv var þá 17 ára. Fyrstu árin vorum við sjálfbóðaliðar, en síðastliðin þrjú ár höfum við verið launaðir starfsmenn.“

Við höfum reyndar þekkt í áratugi þótt það sé ekki nema ár síðan við urðum þar. Ég var einu sinni í sambandi við mann sem hafði engan skilning á því sem ég mátti þola í þessu starfi. Þegar fólk gjörþekkir hins vegar hvort annað og býr við þennan veruleika 24 tíma á sólarhring verður geðveikin skiljanleg.“

Yaniv: „Það er helmingi erfiðara að koma á vettvang þegar börn hafa orðið fyrir barðinu á hryðjuverkum. Það er nógu erfiðt að koma á vettvang, klofa yfir líkamshluta og

sneiða hjá blóðpollum, þótt ekki bætist við að sinna sundurtættum börnum sem eru að deyja í höndunum á manni.“

Ayelet: „Ég reyni samt ævinlega að halda fullri einbeitingu þegar ég fer í útkall og svæfa eigin tilfinningar. Við höfum skyldum að gegna og því nær maður yfirleitt að sigrast á ógeðinu. Stundum skil ég sjálf ekki hvernig þetta er hægt. Daginn sem sprengjan sprakk í verslunarmiðstöðinni hugsaði ég með sjálfri mér: „Hvers konar skepna getur eiginlega framið svona illvirki? Hversu mikla illsku þarf til að ganga inn í miðjan barnahóp og sprengja sjálfan sig í loft upp? Ég held ég hafi á þeim tímamarki tapað trúnni á það góða í manninum. Ég glataði sakleysi mínu.“

Ayelet: „Sú tilfinning læðist stundum að mér að við séum þær hetjur sem síst eru metnar að verðleikum. Okkur finnst fólk stundum taka okkur sem sjálfsgöðum hlut. Það gerist eitthvað, MDA mætir á svæðið eins og leigubílstjóri og

flytur slasaða á spítala. Samstarfsmaður minn á stöðinni sagðist hafa reiknað út að hann hefði sinnt yfir sex þúsund tilfellum á síðustu árum og ekki fengið svo mikið sem eitt þakkabréf til baka. Ég held að almenningur skilji ekki hvað við göngum í gegnum. Kannski veit fólk það einfaldlega ekki. Veit ekki hvernig það er að fara inn á stað fullan af stynjandi fórnarlömbum, að ákveða hverjum á að hjálpa. Ganga síðan um með þungann af þeirri ákvörðun, sem verður að vera tilviljunarkennd, á herðum sínum.“

Yaniv: „Okkur finnst við stundum bera allar þjáningar þjóðarinnar á bakinu. Ég gæti ekki sinnt þessu starfi ef ég liti á mig sem ofurhetju sem verður að bjarga öllum. Góður starfsmaður verður að geta horfst í augu við þá sársaukafullu staðreynd að hann getur ekki bjargað öllum. Sumir deyja en öðrum verður bjargað. Ef maður tekur þetta inn á sig þá brotnar maður einfaldlega niður.“



Sjúkrabíll í lögum. Sjúkraflutningamenn beggja vegna víglínunnar setja sig oft í mikla hættu í störfum sínum við erfiðar aðstæður.

í flóttamannabúðunum í Jenín frá 15. apríl en þá hafði fólkið beðið í sex daga eftir heimild frá ísraelskum stjórnvöldum til að liðsinna flóttamönnum. Hluti búðanna lítur út eins og eftir jarðskjálfta. „Samkvæmt alþjóðasáttmálum eru ísraelsk stjórnvöld skyldug til að tryggja að íbúar búðanna fái lækniþjónustu og mannúðaraðstoð,” segir René Kosirnik, forsvarsmáður sendinefndar Alþjóðaráðsins.

Rauði hálfmáninn setti einnig

upp skyndihjálparstöð í búðunum þar sem fólk getur komið og fengið aðhlyningu og ráðgjöf. Þá hefur skrifstofa Alþjóðaráðsins í Jenín eftir leitarþjónustu sína enda hafa margir hringt til að tilkynna hvarf ástvina. Rauði hálfmáninn telur mikla hættu á farsóttum í Ramallah, Jenín og Nablús þar sem vatnsleiðslur hafa verið eyðilagðar og sorphirða er takmörkuð. Þá hafa vegir, raf- og símalínur einnig verið eyðilagðir í stærstu borgum á Vesturbakkanum.

Kaffihús unga fólksins



Kaffi- og menningarhús fyrir ungt fólk á aldrinum 16–20 ára var opnað í Aðalgötu 20 á Sauðárkróki sunnudaginn 28. apríl með pomp og pragt. Skagafjarðardeild Rauða kross Íslands styrkir starfseminna myndarlega. Húsið hlaut nafnið Geymslan. Þá var opnað 1. maí kaffi- og menningarhús fyrir ungt fólk á Akranesi í gamla iðnskólanum þar í bæ. Húsið stendur við endann á sjálfum „rúntinum“ og er því einstaklega vel í bæ sett. Allar deildir á Vesturlandi standa saman að stofnun og rekstri hússins en undirritaður hefur verið samningur við Akranesbæ um að taka við rekstrinum eftir tvö ár.

Rauði krossinn hefur góða reynslu af slíkum kaffihúsum þar sem ungmenni fá samastað fyrir uppbyggilegt félagslíf. Á Ísafirði stóð Rauði krossinn til dæmis að stofnun Gamla apóteksins sem hefur reynst vinsæll samkomustaður ungs fólks og einnig styrkir hreyfingin Tún á Húsavík. „Þessi starfsemi er að virka,” segir Helga G. Halldórsdóttir, skrifstofustjóri innanlandsskrifstofu Rauða krossins. „Þetta eru reyk- og vímuefnalaus kaffihús og þarna fá krakkar með alls kyns áhugamál stað til að hittast og blanda geði.”

Ein stór fjölskylda

Arnar Valgeirsson, starfsmaður Vinjar, skrifar

Laut, hið akureyska athvarf Rauða krossins fyrir geðfatlaða, er aðeins eins og hálfis árs, en vex og dafnar eins og blómi í eggjum. Lautin er við eina aðalmerðaræð bæjarins þar sem bílarnir fljóta stanslaust upp á Brekku og niður í bæ, Þingvallastræti.

Það má með sanni segja að það sé ákaflega heimilislegt í Laut. Gamalt einbýlishús sem gert hefur verið upp, gömul og ný húsgögn í bland og inni er stórt herbergi þar sem ungur maður býr til skrautblóm úr eggjabökkum, annar púslar og sá þriðji er í tölvunni. Einhver hefur greinilega verið að mála mynd, og saumadót út í horni. Í stásstofunni situr fólk og spjallar, í dagstofunni er gripíð í Hornafjarðarmanna og í eldhúsinu er alltaf einhver að undirbúa mat eða kaffi. Andrúmsloftið afslappað og þægilegt.

Það er eftirtæktað að vinir og vandamenn gesta, sjálfboðaliðar og fólk sem starfar við liðveislu kíkja mikið í heimsókn og margir með börn með sér. Þetta er eins og ein stór fjölskylda. Enda eru gestir Lautar á einu máli um að afskaplega gott sé að koma þarna, sumir kíkja inn annað veifið en aðrir koma reglulega og stoppa lengur.

Annars er baráttan við kerfið ofarlega í huga margra, fólk sammála um að erfitt væri að rata í gegnum þann frumskóg sem kerfið er þegar veikindi banka upp á og ansi erfitt að fá upplýsingar um réttindi sín. Fólk megi ekki við því að verða af þeim tekjum sem því ber, þær séu nú ekki of miklar. Einnig eru sjálfshjálparhópar um-

ræðuefni. Ekki er úr miklu að móða í þeim efnunum á Akureyri. Þó virðist sem einn stór sjálfshjálparhópur sé innan veggja Lautar. Fólk tekur þátt í sorgum og sigrum náungans og lætur sig hvert annað varða.

Jónína Hjaltadóttir, forstöðumaður í Laut, segir að sér hafi komið á óvart hvað vöxturinn hafi orðið mikill á skömmum tíma. Nú komi að meðaltali 11 gestir á dag og fimm borði hádegismat. Engin dagskrá var sett upp í byrjun en búið er að halda gítarnámskeið, fara í ferðalag, í leikhús, á tónleika, og auk þess sameinist fólk í jólabakstri, kortagerð og fleira. Velunnarar staðarins hafa gefið vinnu sína við gítarkennslu, akstur og fleira, sem er þakkarvert. Hún telur að gestum fjölgi með hækkandi sól, því sumarlokanir séu yfirvofandi á stöðum þar sem geðfatlaðir stunda vinnu og nám. Jónína er ekki í vafa um að með tilkomu Lautar hafi dregið úr endurinnlögnum á sjúkrahúsi. Þá komi athvarfið sér ekki síst vel fyrir að flutta, þá gesti sem eiga ekki fjölskyldu á Akureyri. „Svona starfsemi er í stöðugri þróun og frá upphafi höfum við leitað ráða hjá starfsfólki Vinjar í Reykjavík og Dvalar í Kópavogi þar sem reynslan er fyrir hendi.”

Laut er þriggja ára tilrauna- verkefni sem Akureyrardeildin rekur í samstarfi við Geðverndarfélag Akureyrar. Fjármagn kom auk þess frá Akureyrarbæ og heilbrigðisráðuneytinu en Öryrkjabandalagið leigir húsið.

Þessi tilraun virðist ætla að heppnast afar vel, það má sjá og heyra á þeim gestum sem Laut stunda og ekki er ólíklegt að fleiri eigi eftir að bætast í hópin á næstunni. Eins og ung kona sagði: „Þetta er hornsteinninn í lífi mínu.”

Hæfileikar leynast í hverjum manni

Undir styrkri stjórn hins þrautreynda landsliðsþjálfara Þorbjörns Jenssonar eru 28 ungmenni nú að búa sig undir lífið og vinnuarkaðinn í Fjölsmiðjunni. Krakkarnir þar hafa ákveðið að taka tilveru sína föstum tókum og vinna fyrir atvinnuleysisbótunum til að afla sér starfsreynslu í stað þess að mæla göturnar. Fjörutíu jafnaldrar þeirra eru þegar komnir á biðlista.

Það var heldur fámenn í Fjölsmiðjunni sem stendur á grænum túnum við Kópavoginn þegar Hjalpin mætti þangað upp úr átta á föstudegi enda kom í ljós að vinnutíminn hefist hálf-nú. Ekki var þó langt liðið á spjallið við Þorbjörn Jensson forstöðumann þegar heyrta mátti af tónlist sem barst neðan úr bílaþvottastöðinni að

krakkarnir voru komnir í vinnuna. Þar bónuðu og þrífu nokkrir strákar tvær glæsikerrur frá Toyota og virtist ekki leiðast starfinn. Í herbergi þar innaf sátu þrjár stelpur við að pakka inn vörum fyrir Heilsuhúsið og í mótuneytinu voru menn að taka niður stóla og undirbúa hádegisverð. Ef ekki væri fyrir Fjölsmiðjuna hefðu þessir krakkar sjálfsagt legið sofandi heima á sínu græna eyra og haft til lítils að vakna.

Aumar afsakanir ekki gildir

Fjölsmiðjan var formlega opnuð 3. október í haust leið þegar fyrstu krakkarnir mættu í vinnuna. Nú eru starfsmenn orðnir sex og nemendur 28, þar af sex stelpur – og þó hefur Fjölsmiðjan hvergi nokkurs staðar verið auglýst. En þangað kemur enginn á fölskum forsendum, eins og glögg má heyrta á máli Þorbjarnar. „Umsækjendur eru boðaðir í viðtal og þá verður að koma skýrt fram að þau vilji þetta sjálf. Það þýðir ekkert að segja að þau séu að gera þetta fyrir pabba eða mömmu. Þau fá ekki hér inni nema hugur fylgi máli.“ Í viðtalinu afhendir hann þeim leiðakort strætó svo þau viti hvaða strætisvagnar ganga á staðinn. Því hér duga engar aumlegar afsakanir.

Þrjú krakkar byrjuðu í október og til að byrja með

var einungis starfandi trésmiðadeild. Fyrsta verkið var að innrétta neðri hæð hússins, ásamt starfsmönnum, en hún hafði staðið fókheld í ein 20 ár. Fljótlega var bílaþvottastöð komið á laggirnar sem starfar eins og hver önnur bónstöð á markaðnum en Rauði krossinn og Toyota-umboðið eru meðal þeirra sem hafa nýtt sér þjónustu hennar. Þá komst mótuneytið í gagnið í febrúar og nýlega komu trésmiðavélarnar í hús þannig að nú getur trésmiðadeildin farið að taka að sér alvöruverkefni. „Núna erum við að smíða tvö barnahús sem eiga að vera við sumarhús Rafiðnaðarsambandsins á Egilsstöðum og ég vona að þetta verði byrjunin á meira smíðastarfi,“ segir Þorbjörn og auglýsir þar með eftir verkefnum fyrir smíðadeildina. Ýmislegt fleira er í bígerð. Garðyrkjudeild verður sett á fót innan skamms en hópurinn er búinn að innrétta gróðurhús til að rækta grænmeti og undir vorið verða settar niður kartöflur og rófur. „Hluti af uppskerunni verður notaður í mótuneytið okkar en því sem við getum ekki nýtt reynum við að koma í verð.“

Þá er á döfinni að stofna tölvudeild, barnaheimili „og svo á ég mér þann draum að koma upp útgerðardeild. Við gætum verið með trillu sem færi dagtúra á línu út frá bryggjunni í Kópavogi.“

40 á biðlista

Markmiðið er, segir Þorbjörn, að þjálfra krakkana í að takast á við vinnuarkaðinn. „Þetta er bara eins og venjulegur vinnustaður og það er 90% mætingarskylda. Í marsmánuði fengu bara tveir krakkar af 28 áminningu fyrir að hafa ekki náð þessu marki. Ef þau fá aftur áminningu þá verða þau að fara – enda



„Það þýðir ekkert að segja að þau séu að gera þetta fyrir pabba eða mömmu. Þau fá ekki hér inni nema hugur fylgi máli,“ segir Þorbjörn.

bíða 40 manns eftir starfinu þeirra.“ Ólíkt öðrum vinnustöðum er þeim hins vegar ekki kastað beint út í djúpu laugina heldur er þeim hjálpað til að sinna vinnunni og finna sinn farveg í lífinu. „Enda hafa mörg þeirra ekki verið að gera neitt í lengri tíma nema sofa til hádegis. Ef þau vilja til dæmis láta vekja sig á morgnana þá gerum við það í ákveðinn tíma. Ef þau óska eftir að fá græna kortið í strætó þá útvegum við það fram að fyrstu útborgun. Svo höfum við líka fengið fólk til að halda erindi og koma og segja frá starfi sínu og hvornig það komst í það starf. Eftir því sem við getum stækkað sjóndeildarhring þeirra verða þau hæfari til að taka ákvörðun um hvað þau vilja gera.“

Starfsemin hefur vaxið mun hraðar en Þorbjörn gerði sér í hugarlund í byrjun. „Það hefur komið okkur á óvart hvað þörfin er gríðarlega mikil. Núna eru hér 28 krakkar og fyrir liggja yfir fjörutíu umsóknir. Það er gott að Rauði krossinn tók að sér yngsta aldurshópinn því það hefur komið í ljós að þörfin er mest hjá 16–17 ára krökkum. Þau eru að koma út úr 10. bekk og eru á krossgötum í lífi sínu. Það er mjög erfitt fyrir þau að fá vinnu þannig að flestar umsóknirnar eru frá krökkum úr yngsta aldurshópinum.“

Krakkarnir í Fjölsmiðjunni eru fjölbreyttur söfnuður en Þorbjörn segir starfsmenn vinna eftir þeirri reglu að allir eigi sér viðreisnar von. „Það leynast hæfileikar í öllum. Við lítum svo á að það sé hægt að hjálpa öllum og það er okkar ósigur ef við þurfum að láta einhvern fara,“ segir Þorbjörn. Glæðbeittur bætir hann því við að lokum að starfsemin hafi raunar þegar borið árangur, einn er kominn í vinnu hjá málarameistarara úti í bæ og nokkrir eru ákveðnir í að hefja trésmiðanám í haust. Þess verður heldur áreiðanlega ekki langt að bíða að Fjölsmiðjan geti af sér tilvonandi garðyrkjumenn, kerfisfræðinga, leikskólakennara og sjómenn.



Framleiðslu- og verkþjálfunarsetur fyrir atvinnulaus ungmenni:

Ávinningurinn er margfaldur

Fjölsmiðjan, framleiðslu- og verkþjálfunarsetur fyrir atvinnulaus ungmenni á aldrinum 16–24 ára, er nú komin í gagnið, mörgum árum eftir að hugmyndin komst fyrst á kreik. Rauði krossinn átti frumkvæði að stofnun Fjölsmiðjunnar en fjölmargir hafa lagt málinu lið.

Það eru sex ár síðan hópur fólks settist niður til að velta fyrir sér hvernig Rauði krossinn gæti liðsinnt ungu fólki sem hættir í skóla og á í erfiðleikum með að fóta sig á vinnumarkaðnum. Mörgum fundum og tveimur könnunum síðar er Fjölsmiðjan orðin að veruleika. Starfsemi er komin í hús við Kópavoginn og hópur krakka er farinn að mæta þangað á hverjum morgni til að bretta upp ermar, vinna og velta fyrir sér framtíðarmöguleikum sínum.

Ótvíræð þörf

Langur aðdragandi var að stofnun Fjölsmiðjunnar enda gekk í fyrstu treglega að sannfæra fólk um þörfina fyrir slíkan vinnustað. „Rauði krossinn hefur gert kannanir á högum fólks á undanföllum árum og

þær bentu ótvírætt til þess að þörf væri á úrræði fyrir ungt fólk sem flosnar upp úr skóla og á erfitt með að finna vinnu,” segir Helga G. Halldórsdóttir, skrifstofustjóri Innlandsskrifstofu Rauða krossins. Fjölsmiðjan er byggð upp að danskri fyrirmynd en á annað hundrað verkþjálfunarsetur eru í Danmörku og hafa þau reynst mjög vel þar í landi. Könnun frá árinu 1996 sýndi að 60% nemenda fóru í framhaldsnám eða vinnu að lokinni dvöl í skólanum.

Markmið Fjölsmiðjunnar er að nemendur verði sér þar úti um þjálfun og reynslu sem leiði þá í frekara nám eða geri þá hæfari til að fara út á almennan vinnumarkað. Nemendur skólans eru á launum og greiðir Rauði krossinn laun allt að 15 ungmenna undir 18 ára, enda eiga þau ekki rétt á atvinnuleysisbótum. Þau sem eldri eru fá hins vegar bætur úr

Könnun á árangri framleiðsluskóla í Danmörku árið 1996 leiddi í ljós að aðeins 15% nemenda voru áfram atvinnulaus eftir að námi lauk.



„Með Fjölsmiðjunni verða fleiri hæfari til að sjá um sig sjálfir og gerast virkir þátttakendur í samfélaginu. Þannig að ávinningurinn er margfaldur,” segir Helga.

móti jafnháu framlagi frá Vinnu-
málastofnun, en Fjölsmiðjan er
sjálfseignarstofnun í eigu Rauða
kross Íslands, félagsmálaráðuneytis-
ins, Vinnu-
málastofnunar og allra
sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.
Menntamálaráðuneytið og sveitarfé-
lögin á höfuðborgarsvæðinu leggja
ásamt Vinnu-
málastofnun/Atvinnu-
leysistryggingasjóði fram rekstrarfé
til starfseminnar.

Sparast á öðrum sviðum

Þótt nemendur Fjölsmiðjunnar taki að sér verkefni á svipuðu verði og fyrirtæki á almennum markaði er ekki til þess ætlast að setrið beri sig með tekjum af starfseminni. „Ávinningurinn felst í því sem sparast á öðrum sviðum,” segir Helga. „Með Fjölsmiðjunni verða fleiri hæfari til að sjá um sig sjálfir og gerast virkir þátttakendur í samfélaginu. Þannig að ávinningurinn er margfaldur. Við eigum auðvitað eftir að sjá hvernig þetta þróast en núverandi fyrirkomulag er hugsað til þriggja ára og hugsanlega kæmi þá til greina að opinberir aðilar tækjuf alveg við rekstri smiðjunnar.”

Atvinnuleysistryggingasjóði eða frá sveitarfélögum en öll fá þau tæpar 74 þúsund krónur á mánuði eða sem svarar fullum atvinnuleysisbótum. Tíu milljóna króna stofnframlag kom auk þess frá Rauða krossinum á

Var orðinn hand- ónýtur af neyslu

– stefnir nú á tölvunám

Jóhann Fannar Óskarsson, tvítugur strákur úr Breiðholti, hafði verið atvinnulaus í um þrjá mánuði þegar hann sótti um í Fjölsmiðjunni. „Ég ætlaði bara rétt að byrja hér og fá mér svo aðra vinnu. Síðan fannst mér svo gaman að ég ákvað að halda áfram og velta fyrir mér framtíðinni í stað þess að fara og vinna einhvers staðar á kassa.”

Jóhann ætlar í tölvunám í Fjölsmiðjunni í haust og síðan í frekara nám í Iðnskólanum. Að því loknu stefnir hann á Tækniskóla Íslands. „Ég var um tíma í Iðnskólanum og Vélaskólanum, en það var allt í einhverju rugli. Ég var í vímurugli, öllum vímugjöfum sem ég komst yfir, og vissi ekkert hvað ég var að gera. Sagði mömmu bara að ég væri

með finar einkunnir og námið gengi alveg þrýðilega.”

En hvað varð til þess að þú kúplaðir þig út úr ruglinu og ákvaðst að ná tókum á tilverunni?

„Ég var einfaldlega orðinn handónýtur af neyslu og fór í meðferð fyrir rúmu ári. Eftir meðferðina var ég eitt-hvað að reyna að vinna og þæla í skóla en svo fann ég Fjölsmiðjuna og líkar hún æðislega vel.”

Sýnist þér starfsemin hér hafa hvetjandi áhrif á krakkana?

„Já, mjög. Misjafnlega reyndar. Sumir eru ekkert að þæla í framtíðinni, finnst þetta bara góður staður og góður félagsskapur. En flestir eru að þæla í atvinnumöguleikum sínum og vilja gera eitthvað úr sjálfum sér. Sem er mjög jákvætt.”



Anna Prúður
Þorkelsdóttir lætur
af formennsku og
heldur á vit ævin-
týranna:

Ung kona á uppleið

Forsendan fyrir friði í heiminum er að komast fyrir örbirgðina sem hrjáir stóra hópa mannkyns, segir Anna Prúður Þorkelsdóttir, sem lætur af formennsku Rauða kross Íslands í maí. Anna er fyrsta konan sem gegnir því starfi og áreiðanlega fyrsti sendifulltrúi félagsins sem fer sína fyrstu sendiför á sjötugsaldri. Trú sínum hugsjónum er þessi atorkukona nefnilega á leið til Suður-Afríku þar sem hún hyggst lina þjáningar alnæmis-sjúkra næsta árið.

Heimilislegt kaffiborð beið útsendara Hjálparinnar á hlýlegu heimili Önnu Prúðar fráfarandi formanns, tilvondandi sendifulltrúa í Suður-Afríku og „ólæknandi bjartsýnismanneskju“. Hún biður að afsaka draslið – barna-

börnin komi mikið í heimsókn – lokar sprellfjöruga hunda inni í búi og lækkar í CNN þaðan sem nýjustu fréttir af átökunum fyrir botni Miðjarðarhafs berast á nokkurra mínútna fresti. Þá er hún klár.

„Makt og pengar“

Það er annasamt að vera ólaunaður formaður Rauða kross Íslands og viðtalið fer fram í glufu þéttskipaðra daga. Anna er nýkomin af Evrópuráðstefnu Rauða kross félaga í Berlín þar sem hún kvaddi erlenda félaga sína eftir tæplega sex ára kynni. Ljóshærði vikingurinn hefur hún verið kölluð á alþjóðavettvangi Rauða krossins, þekkt fyrir að lyfta sveðjunni og tala tæpitungulaust. Og hún breytti ekki út af venjunni í kveðjuræðunni. Þakkaði þar góðar samvist-

ir við gott fólk en kvaðst líka hafa orðið fyrir vonbrigðum. „Ég sagðist hafa fengið dálítinn verk fyrir hjartað þegar ég varð að viðurkenna að flokkadrættir og valdapólitík einstaklinga lituðu æðstu lög Rauða kross hreyfingarinnar. Ég vitnaði í þekktan formann eins landsfélagsins sem sagði eitt sinn við mig: „Anna, þú ættir að vera orðin nógu gömul til að vita að lífið er bara „makt og pengar“. Og ef þú heldur þig ekki á línunni, þá verðurðu ekki vinsæl.“ Ég svaraði því til að ég væri ekki þarna til að afla mér vinsælda.“

„Ég er ung kona á uppleið og nú ætla ég að gera það sem mig langar til.“

Hún notaði líka tækifærið á þessari síðustu ráðstefnu sinni til að berjast gegn því að merkið úr fána Ísraels, Davíðsstjarnan, verði eitt af merkjum Rauða kross hreyfingarinnar, eins og Bandaríkjamenn þrýsta mjög á um. „Með allri virðingu fyrir fánanum, þá er þetta fáni einnar þjóðar og merktur sérstökum trúarbrögðum. Við eigum að leggja áherslu á hlutleysi í stjórnámum og trúarbrögðum. Það væri hættulegt fordæmi að hleypa Davíðsstjörnunni inn á fána Rauða krossins. Það verður að leysa þetta mál á annan hátt.“

Ég hef hins vegar engar áhyggjur af grasrótarstarfi Rauða krossins og ég er bjartsýn á framtíð þess þótt það sé erfitt kyngja því að Rauði krossinn geti ekki sinnt særðum og deyjandi á götum úti, til dæmis í Jenín.“

Einkaflugvélar og örbirgð

Önnu er enn mikið niðri fyrir eftir margra ára starf fyrir Rauða krossinn. Og 65 ára gömul er hún sjálf á leið til starfa í grasrótinni. Lifir nefnilega ekki samkvæmt hinni darvínsku reglu að lífið sé bara „makt og pengar“. „Það eru um fjörutíu milljónir manna smitaðar af alnæmi í heiminum, þrjár fjórðu þeirra búa í sunnanverðri Afríku. Í Suður-Afríku búa um fjörutíu milljónir manna og opinberar tölur segja að 20% full-orðinna séu smituð. En þeir eru örugglega fleiri enda hafa yfirvöld í raun ekki viðurkennt sjúkdóminn og farið er í felur með hann.“

Rauði kross Íslands hefur stutt heimahlyningu í Western Cape-fylki í Suður-Afríku og þangað fóru Anna og Sigrún Árnadóttir framkvæmdastjóri fyrir fjórum árum. Í fyrra fóru þær til Mósambíks, Malavís og Suður-Afríku þar sem Rauði kross Íslands hefur ákveðið að styrkja myndarlega starf með alnæmissjúkum. Í þetta sinn fóru þær meðal

„Við erum auðvitað forréttindabjóð. Þó má margt betur fara hér á Íslandi. Fyrst og fremst þurfum við að gefa þeim sem mínna mega sín þann tíma sem þeir þurfa.“

annars til Bloemfontein, borgar í Free State-fylki sem er á stærð við Reykjavík. Anna gantaðist með að þarna gæti hún hugsað sér að gerast sendifulltrúi. Sex milljón Suður-Afríkubúar teljast efnaðir en þorri manna býr við fátækt og margir við örbirgð. Skelfileg fátækrahverfi standa á jöðrum Bloemfontein og í kringum stóra búgarða í fylkinu „sem minna einna helst á Southfork í Dallas með sínum einkaflugvélum og dýru bílum. Fátæka fólkið gekk ekki í skóla og því var haldið innan girðinga. Blökkukona stjórnaði nokkrum sjálfboðaliðum í heimahlyningu hjá Rauða kross deildinni í Bloemfontein en hvítur fyrirverandi framkvæmdastjóri sjúkrahúss var yfirmaður þarna og í næsta fylki, sem er Northern Cape. Mér fannst þau svo traustvekjandi og einlæg í sínu starfi að ég sagði við Sigrúnu: Það er best að ég komi hingað sem sendifulltrúi. Þetta var nú sagt í gríni en er víst ekkert grín lengur.“

Skrautleg æska

En hvaðan kemur þessi kraftmikla hugsjónakona? – sem átti þann draum heitastan í æsku að verða hárgreiðslukona. Starf bóndans varð



Anna Þrúður ásamt tveimur bræðra sinna.

eftirsóknarverðara þegar tognaði úr stelpunni – „en ég gæti aldrei lógað nokkurri skepnu“ – og þegar hún eltist langaði hana mest að verða læknir. En stúlkan frá Jökuldal átti ekki kost á langskólanámi. „Mín saga er nú frekar skrautleg,“ segir

Anna Þrúður og hlær við. „Ég fæddist á Jökuldal á Héraði. Við fluttum oft í æsku minni því að afar mínir höfðu verið stöndugir bændur þarna austur á Jökuldal með margt fjár en svo komu sauðfjárpestir sem eyðilögðu undirstöður búskaparins.“



Á flugfreyjutímabilinu í lífi Önnu Þrúðar. Því lauk árið 1961 þegar Anna gifti sig enda máttu flugfreyjur þá hvorki verða þritugar né giftar.

Foreldrar Önnu fluttust þá norður í Eyjafjörð. „En það hafði gleymst að kanna skólamálin og barnaskólinn reyndist vera í klukkutíma göngufjarlægð fyrir fullorðinn í góðu veðri.“ Anna á þrjá bræður og er næstelst þeirra systkina. Til að barnahópurinn gæti með góðu móti gengið í skóla fluttist fjölskyldan því inn á Akureyri. Þar var enga vinnu að fá fyrir austfirskan bónda og því lá leiðin suður í Hveragerði þar sem fjölskyldan bjó á þriðja ár. Þá fluttust þau aftur norður í Eyjafjörð þar sem foreldrar hennar stunduðu búskap. „Pabbi var ekki heilsuhausur en einhvern veginn gekk þetta allt ágætlega og manni leið vel. Það var mikill gestagangur hjá okkur og alltaf gleðibragur á heimilinu. Þar voru allir velkomnir og ekki gerður mannunur.“

Skólagangan varð ekki nema sex ár og Anna fór snemma út á vinnu-markaðinn. Þótt langskólanám væri út úr myndinni gat hún hleypt heimdraganum og 18 ára gömul réð Anna sig í vist til eldri konu, fornleifafræðings og vinkonu Agötu Christie, í Bretlandi. „Hún var afar sérstök, bjó í þriggja hæða 600 ára gömlu húsi og var fádæma nísk. Mér ofbauð vistin og gekk út eftir fimm mánuði.“ Eftir það fékk Anna vinnu á geðveikrahæli og leið þar ljómandi vel það sem eftir lífði þessarar ársdvalar í Bretaveldi!

Nítján ára gömul blómarós og altalandi á ensku kom Anna heim, vann um tíma í Útvegsbankanum á Akureyri, en gerðist síðan flugfreyja hjá Loftleiðum. Þetta var á þeim tíma sem flugfreyjur máttu ekki verða þritugar og því síður giftar. Flugfreyjustarfinu var því sjálfhætt þegar hún gifti sig í lok árs 1961 og fluttist til Noregs þar sem eiginmaðurinn bjó og starfaði, Gunnar Lárússon verkfræðingur. Áður hafði hún raunar gert víðreist því Anna og María Bergmann vinkona hennar vorðu hálfum vetri til að ferðast um Ísrael. „Þetta var óvenjulegt ferðalag á ungum stúlkum á þessum tíma, rúmum áratug eftir að Ísraelsríki var stofnað. Mér fannst gleðin yfir að eiga samastað vera ríkjandi meðal þessa fólks sem átti trúarbrögðin sameiginleg en talaði fjölmörg ólík tungumál. Ég fékk mikla samúð með Ísraelum í þessari ferð þótt ég sé hrygg núna yfir því hvernig málin hafa snúist.“

Samviskusöm heimamma

Anna og Gunnar dvöldust á þriðja ár í Noregi en fluttust þá heim og eignuðust þrjú börn. Heima á Íslandi tók við hefðbundið basl við að koma upp húsnæði og ala upp börnin. „Ég var þessi samviskusama heima-mamma og mikil tuskukerling – það var ekki rykórðu að finna í hornum hér! Ég skildi ekkert í þessum félagsmálakerlingum. Fannst nú standa þeim nær að hugsa um sín eigin börn. Ég hefði sko frekar gengið í Bændasamtökin en kvenfélag! En hún lúrdi alltaf í mér þessi löngun að læra meira og ég hef ekki tölu á öllum þeim námskeiðum sem ég sótti, í þýsku, spænsku, olíumálmun og fleiru,“ segir Anna. Ragnar Lárússon, elsti sonur þeirra Gunnars, er nú verkfræðingur í Bandaríkjunum, Ragnhildur er flugfreyja og Þorkell Máni er tölvufræðingur.

Dag einn birtist svo örlagarík auglýsing um sjálfbóðaliðanámskeið

„Það er auðvelt að sá fræj- um haturs í ungar sálir þegar þær eiga ekki neitt og eygja enga von.“

hjá Kvinnadeild Reykjavíkurdeildar Rauða krossins. María Bergmann hringdi og spurði hvort þær ættu ekki að skella sér. Anna var treg en sló til. Hugsaði með sér að það væri ekki vitlaust að gerast sjálfbóðaliði á bókasafni Borgarspítalans enda býr hún í Fossvoginum. „Þessi litla auglýsing olli miklum straumhvörfum í mínu lífi. Þá vantaði engan á bókasafnið en Félagsstarf eldri borgara



Á ferð um Suður-Afríku árið 1994. Börnin búa þar í hreysahverfi þar sem klósett eru ekki til enda ekkert rennandi vatn lagt í hverfið.

var hins vegar nýbyrjað. Ég mætti þangað árið 1971 og vann þar sem sjálfbóðaliði einu sinni í viku í þrjú ár.“

Tók BA-próf sextug

Árið 1974 gerðist Anna svo starfsmaður Reykjavíkurborgar og hefur nú unnið við öldrunarþjónustu borgarinnar í rúm 30 ár, lengst af sem forstöðumaður. Hún hélt þó áfram að stunda kvöldnám, meðal annars í öldungadeild FB. Árið 1982 var hún skikkað í vinnuhóp sem átti að undirbúa verkefni í tilefni af ári aldradra. „Við brettum upp ernarnar og úr þessu starfi varð Múlabær, sem er dagvist fyrir aldraða.“ Í kjölfarið var hún beðin að setjast í stjórn Rauða kross Íslands og árið 1985 var henni og fleirum falið að finna leið til að aðstoða unglina sem ánetjuðust fíkniefnum. Úr því varð Rauðakrosshúsið við Tjarnargötu. „Það er eiginlega mitt upphaldsbarn úr starfinu. Rauði krossinn hér hafði aldrei rekið neitt og þetta þótti því ekki mjög gáfulegt. En það sýndi sig þá að það voru engin úrræði fyrir krakka sem voru á götunni – nema lögreglustöðin.“

Guðjón Magnússon, þáverandi formaður Rauða krossins, bað Önnu að gerast varaformaður félagsins og þegar hann fluttist til Svíþjóðar nokkrum árum síðar þrýstu margir á Önnu að taka við formennskunni. „Ég hafði aldrei heyrt annað eins bull. En ákvað að taka sjálfa mig á

eintal og spurði: Af hverju ertu svona skíthrædd? Hvað er það sem þú getur alls ekki? Mér varð þá hugsað til föður míns sem sagði oft við mig: Ef þú þorir aldrei að stíga skrefi lengra en þú heldur að þú getir – þá siturðu bara föst. Svo stattu þig stelpa! Og ég sagði: „Já, en pabbi, ég er á sextugsaldri.“ Það eru ekki árin sem skipta máli, sagði pabbi, það er aldurinn í sálinni.“

Anna ákvað að stíga skrefið og raunar gott betur því nokkrum árum áður hafði hún innritast í félagsvísindadeild Háskólans. „Ég var þá í 60% starfi, passaði mikið nöfnu mína og dótturdóttur og gamla fólk-ið í fjölskyldunni var ansi lasið þannig að ég þeyttist á milli staða, en lauk BA-prófi í þjóðfræði og mannfræði á fjórum árum. Mér fannst þetta alger lúxus.“

Anna stóð á sextugu, árið 1996, þegar hún lauk BA-prófinu. Um haustið tók hún við formennsku í Rauða krossi Íslands. „Þetta er ekki mjög skipulegt líf, eins og þú sérð!“

Íslenska grasrótin stendur sig vel

Hvernig finnst þér staða mála vera hér innanlands? eru floppur í okkar þjóðfélagskerfi sem Rauði krossinn ætti að sinna betur?

„Við erum auðvitað forréttindaþjóð. Þó er margt sem má betur fara hér á Íslandi. Við þurfum fyrst og fremst að gefa þeim sem minna

mega sín þann tíma sem þeir þurfa. Sá tími hefur verið gefinn í athvörfum Rauða krossins fyrir geðfatlaða; Vin í Reykjavík, Laut á Akureyri og Dvöl í Kópavogi. Og almennt finnst mér innanlandsstarfið ganga mjög vel. Deildirnar eru orðnar miklu virkari en áður og það er víða verið að vinna geysilega gott starf í grasrótninni.“

Ertu ánægð með afraksturinn af vinnu þinni sem formaður síðastliðin sex ár?

„Maður er auðvitað aldrei fyllilega ánægður. En ég hef allan tímann verið trú hugsjónum Rauða krossins. Hér heima stendur Rauðakrosshúsið mér næst. Ég tók líka þátt í að koma á fót Vin, athvarfi fyrir geðfatlaða. Ég vildi stuðla að auknu deildastarfi og það hefur tekist. Kvöldið sem ég var kosin formaður fór um við gömlu félagarnir úr Rauðakrosshúsinu að tala saman um hvað við gætum gert næst og upp úr því varð Fjölsmiðjan til. Það var löng og ströng ganga en mér finnst Fjölsmiðjan lofa mjög góðu. Ég held við getum öll, í þessu litla þjóðfélagi okkar, sýnt hvert öðru meiri hlýju og skilning. Það er hægt að leysa svo margt án þess að gefa litlu pillurnar. Aðalatriðið er að gefa fólki hlutverk í lífinu.“

Örbirgðarhringurinn endalaus

Anna Þrúður flýgur af stað til Suður-Afríku í júlí, beint inn í hinn afríska vetur með sínum 18 stiga hita á daginn en hráslagalegum næturkulda. „Það er óskaplegur kostur að þarna er ekki malaría sem er einn helsti óvinurinn í heilsufari nútímans, ásamt alnæmi og vaxandi útbreiðslu berkla. Og svo auðvitað örbirgðinni.“

Anna hefur einmitt vakið athygli á fátækt innan raða alþjóðahreyfingar Rauða krossins – sem er ekki eins sjálfsagt og það hljómar því að Rauði krossinn hefur lagt megináherslu á neyðaraðstoð vegna náttúruhamfara og stríðsátaka. Anna hefur hins vegar verið ötul að benda á hvað fátækt hefur mikil áhrif á hvernig menn bregðast við áföllum. Hún hefur á ferðalögum sínum um heiminn oftsinnis horft upp á það hvernig örbirgðin leikur fólk. Í sunnanverðri Afríku er ástandið sérstaklega slæmt, þar sem alnæmi er útbreitt meðal fátækra. Þegar börnin missa svo foreldra sína neyðast þau til að hella sér út í brauðstrítið sem kemur í veg fyrir að þau sjálf geti menntað sig. „Og þá getur maður ekki annað en spurt – er þessi örbirgðarhringur endalaus?

Afgreiðslukona nokkur í Suður-Afríku spurði mig eitt sinn hvort mér fyndist borgin hennar ekki ynd-



„Hér á Íslandi er mönnum fyrirskipað að hætta að vinna sjötugir þótt þeir séu klárir, færir og vel menntaðir. Þetta fólk glatar hlutverki sínu. Þess vegna finnst mér yndislegt að fá tækifæri til að fara til Suður-Afríku“.

Við eigum að höfða til einstaklingsins, hæfileika hans og löngunar. Alþjóða Rauði krossinn sækist æ meir eftir eldri sendifulltrúum, fólki sem hefur lífs- og stjórnumarreynslu. Lífshlaupið skiptist eiginlega í þrjú skeið: Fyrst vex maður, þroskast, menntar sig og er fullur af orku. Þá kemur skeið þar sem fólk er svo upptekið af því að byggja upp heimili, stofna fjölskyldu, ala upp börnin og klifra upp metorðastigann að það hefur ekki tíma til annars. Síðan, allt í einu, er manni kippt út og maður tapar sínu hlutverki en hefur rosalega mikinn tíma og mikið að gefa. Mér finnst nauðsynlegt að virkja þetta sterka afl – hvort sem það er utanlands eða innan – fremur en að gefa fólki einhverjar bjartsýnistaugapillur. Og ég hef alltaf verið að drepast úr hugsjónum og vil fá að hafa eitthvert hlutverk þangað til ég kveð.“

En það er áreiðanlega langt í það, því eins og Anna Þrúður tekur skýrt fram þegar kaffið er að klárast og samtalinu að ljúka: „Þetta eru ekki eftirmæli! Ég er ung og á nóg eftir.“ Og það hnussar í henni þegar hin óhjálkæmlega spurning læðist fram ...

... Og hvernig list eiginmanninum á Suður-Afríkuferðina?

„Ef hann hefði farið að vinna á olíuborpöllum – hefði þá einhver spurt: Og hvað með þig?“ segir hún og skellir upp úr. „Hann er ekki margorður maður og löngu búinn að gefast upp á að stjórna mér. Það hefur kostað mig margra ára vinnu að verða sjálfstæð kona. Og nú þegar börnin eru vaxin úr grasí, gamla fólkið dáið, hann hefur vinnu, sund, tennis og félag – þá má ég vera frjáls kona. Ég er bara ung kona á uppleið og ætla að gera það sem mig langar til. Grasaróttin hefur alltaf heillað mig og þegar maður hefur ferðast mikið og lesið þá er túnið heima ekki lengur nafli alheimsins.“

isleg. „Jú, svo sannarlega,“ svaraði ég, „en ég hef séð tvær hliðar á henni.“

„Já, þetta svarta pakk gerir ekkert annað en að eiga börn. Og lærir ekki neitt og kann ekki neitt,“ sagði konan þá.

Þegar ég spurði hvort hún héldi að þetta fólk hefði fengið mörg tækifæri til þess yppti hún öxlum.

„Hefurðu farið þarna sjálf?“ spurði ég þá.

„Nei, þangað fer enginn.“

Örbirgðin undirrót hins illa

Vandamál heimsins eru mikil og flókin en Anna er bjartsýn á samtakamátt mannkyns. „Ég hef alltaf verið ólæknandi bjartsýnismanneskja og ætla ekki að læknast á gamals aldri. En auðvitað er forsendan fyrir friði í heiminum að komast fyrir þessa óskaplegu örbirgð. Hún er undirrót glæpa, veikinda og misréttis. Það er auðvelt að sá frægum haturs í ungar sálir þegar þær eiga ekki neitt og eygja enga von. Svo miklu hatri að fólk sprengir sjálft sig í loft upp. En mér finnst hver og einn jarðarbúi hafa vissum skyldum að gegna og ef

við leggjumst öll á eitt er hægt að breyta miklu.“

Finnst þér Alþjóða Rauði krossinn gera of lítið af því að berjast gegn fátækt?

„Við eigum ekki að setja plástur á sárið þegar sárið er komið heldur stuðla að því að fólk geti bjargað sér sjálft. Koma á fót einhvers konar atvinnu og sjálfstrausti. Rauði kross Íslands hefur til dæmis stuðlað að því að koma upp litlu kjúklinga- og svínabúí og bakaríi í flóttamannabúðum í Serbíu. Þessi atvinnustarfsemi veitir fólki svolitlar tekjur og eitthvað við að vera. Það er ekkert eins slæmt og að eygja enga von og hafa ekkert hlutverk í lífinu.“

Túnið heima ekki nafli alheimsins

Það eru einmitt þau grundvallarsannindi að hver maður verður að eiga sér hlutverk í lífinu sem knýr hugsjónir Önnu Þrúðar. „Hér á Íslandi er mönnum fyrirskipað að hætta að vinna sjötugir þótt þeir séu klárir, færir og vel menntaðir. Þetta fólk hefur ekkert hlutverk lengur, er sett í ruggustól og sagt

að bíða í þrjátíu ár. Þess vegna finnst mér yndislegt að fá tækifæri til að fara til Suður-Afríku, ekki sem einhver forystumaður eða prímadonna heldur til að vinna með höndunum við hliðina á fólki sem er að vinna þarft verk.“

Finnst þér að Rauði kross Íslands ætti að hvetja eldra fólk til að feta í þín fótspor og gerast sjálfboðaliðar, heima eða á erlendri grundu?

„Ef mitt starf gengur vel þá gæti það orðið til þess að opna einhverjar dyr. Ungu fólkið er vissulega framtíðin en ég hef aldrei verið

„Það er ekki líðandi að svo ofboðsleg örbirgð og ofboðslegt ríkidæmi sé í heiminum.“

hlynt því að fólk sé dregið í dilka eftir aldri. Sextugur að aldri fær maður bréf og er boðinn velkominn í hóp eldri borgara. Þar gæti ég dúsað í fjörutíu ár. Nelson Mandela, einn virtasti þjóðhöfðingi í heimi, varð forseti 76 ára gamall. Hér hefði hann verið settur í geymslu.

VINADEILDASAMSTARF

Hverjir vinna með hverjum?

Allflestar deildir Rauða krossins á Íslandi taka þátt í svokölluðu vinadeildasamstarfi en í því felst samvinna á milli íslenskra og erlendra Rauða kross deilda. Hjálpin fékk ferðasögur frá fulltrúum deilda sem hafa heimsótt vinadeildir sínar ytra og ræddi við Guðnýju Sigurðardóttur sem telur að hægt sé að betrubæta aðstoðina.

NORÐURLAND & LESÓTÓ

UPPHAF: 1992

AÐSTOÐ: Framlagið hefur ásamt stuðningi frá Rauða krossi Íslands nægt til að reka tvær heilsugæslustöðvar sem sjá hvor um sig 10 þúsund manns fyrir brýnustu heilsugæslu. Deildirnar hafa safnað hannyrðafnum og sent til handverkshópa kvenna sem starfa í tengslum við heilsugæslustöðvarnar.

VESTURLAND & GAMBÍA

UPPHAF: 1996

AÐSTOÐ: Fjórir gámar með notuðum fatnaði. Fatnaðurinn var seldur í Gambíu og fengust um 600 þúsund krónur fyrir hvern gám. Barnaföt, skóladót og sjúkrarúm voru send á barnaheimili og fæðingarheimili. Deildirnar hafa einnig samþykkt að styrkja gambísku deildina til að grafa brunn á stað þar sem skortur er á drykkjarvatni.

SUÐURLAND, SUÐURNES & JÚGÓSLAVÍA

UPPHAF: 1998

AÐSTOÐ: Ein milljón árlega til að kaupa allt hráefni fyrir súpueldhús sem færir 250 flóttamenn. Framlagið hefur m.a. verið notað til að kaupa áhöld í súpueldhúsið og til að endurbæta húsnæði þess og deildarinnar.

VESTFIRÐIR & JÚGÓSLAVÍA (Uzice)

UPPHAF: 1998

AÐSTOÐ: Alls 2,1 milljón á tveimur árum til að styrkja byggingu 700 fermetra birgðageymslu undir hjálpargögn fyrir flóttamenn. Nemendur í grunnskólum á Vestfjörðum hafa útbúið barnaföt sem verða send til Uzice.

AUSTURLAND & SUÐUR-AFRÍKA

UPPHAF: 1998

AÐSTOÐ: Ungmennaverkefni sem þjónar fátækustu samfélögum í Western Cape-fylki. Kennsla í skyndihjálpi og almenni heilsugæslu til sveita þar sem læknaaðstoðar og sjúkraflutninga nýtur ekki við. Fræðsla um smitleiðir alnæmis. Grunnskólanemendur hafa átt í bréfaskriftum við ung fólk í Vestur-Höfðafylki.

HAFNARFJÖRÐUR & ÚSBEKISTAN

UPPHAF: 1998

AÐSTOÐ: Árlega ein milljón króna til að styðja uppbyggingu og rekstur á dagheimili fyrir proskaheft og fötluð börn í Tashkent í Úsbekistan. Börnin hafa líka fengið send leikföng og sumar- og vetrarfatnað.

KJÓARSÝSLUDEILD & ALBANÍA

UPPHAF: 1997

AÐSTOÐ: Safnað skólumunum og fatnaði sem var síðan flutt til Albaníu. Samskip gaf flutninginn. Þegar fjöldi Kosovó-Albana flúði til Albaníu árið 1999 var sendur 40 feta gámur með matvælum, hreinlætisvörum og fatnaði sem um 400 fjölskyldur nutu góðs af.

Aðstoð vinadeilda getur verið tvíbent, segir Guðný Sigurðardóttir sjálfboðaliði:

Skynsamlegra að senda pening en gám

Vinadeildasamstarf þarf að hugsa til enda því hjálpin getur verið tvíbent, segir Guðný Sigurðardóttir, sjálfboðaliði á Flúðum. Það er dýrt að senda gám fullan af vörum til fjarlæggra landa og þótt kærkomnar séu getur annars konar aðstoð komið sér betur.

Guðný Sigurðardóttir hefur setið í stjórn Rauða kross Íslands frá 1996 og Árnesingadeildar frá 1994 og starfar dags daglega í útibúi Búnaðarbankans á Flúðum. Árnesingadeildin hefur undanfarin ár tekið þátt í samstarfi deildanna á Suðurlandi og Suðurnesjum við vinadeild í Sremski Karovski í Serbíu. Algengt er að íslensku deildirnar sendi gáma með vörum til erlendra vinadeilda sinna en Guðný hefur efasemdir um að það sé ævinlega rétta leiðin. „Ég tel nauðsynlegt að aðstoð vinadeilda skapi eitthvað á staðnum. Þannig var til dæmis með lopann sem var sendur í gámi til flóttamannabúða í Júgóslavíu. Konurnar þar höfðu margar haft lítið að gera en það var eins og þær hefðu himin höndum tekið. Þær tóku til við að þrjóna baki brotnu, flíkur sem þær gátu síðan selt og aflað sér þannig tekna.“

Peningar geta vaxið

Til glöggvunar á þeim tölum sem um er að ræða má benda á að það hefði á sínum tíma kostað deildirnar 7–800 þúsund krónur að senda gám með fatnaði til Sremski Karovski. Heildarframlag deildanna til Sremski á ári var ein milljón króna. Alls var aðstoðin því þrjár milljónir árið 1999 og 2001 en drjúgur hluti fjárens hefði farið í flutningskostnað hefði sú leið verið farin að senda gám. „Ef peningarnir fara hins vegar beina leið til viðkomandi vinadeildar geta þeir vaxið þar og margaldast. Við ákváðum til dæm-

is að styrkja súpueldhús deildarinnar í Sremski. Peningarnir, sem eru auðvitað miklu meira virði þar en hér, fóru í að kaupa ný tæki í gamalt eldhús sem deildin rak en svo reyndist styrkurinn svo veglegur að deildin úti ákvað að byggja upp nýja aðstöðu sem færir um tvö til þrjú hundruð manns á dag.“

Guðný fór til Sremski í fyrra og sá þá húsnæðið sem deildin var að innrétta fyrir súpueldhúsið. Féð hafði þannig verið notað til að kaupa tæki í verslunum á staðnum, iðnaðarmenn í borginni fengu vinnu við að innrétta aðstöðuna og bændur í kring hafa tekjur af því að selja súpueldhúsinu hráefni. „Fólk er alltaf voða spennt fyrir að safna fötum og slíku og senda í gámum til vinadeildanna. En það er svo dýrt að senda gáma að við töldum miklu skynsamlegra að senda peninga sem þau gætu svo unnið úr sjálf. Ef féð er sent beint út til deildarinnar, þá getur sá peningur lyft undir starfseminu og undið upp á sig,“ segir Guðný. „Hefðum við sent gám af fötum þá hefði fatnaðurinn getað rústað verslun með fót á staðnum. Þetta er svo tvíbent.“

Sé þessi leið valin, að styrkja ákveðin verkefni hjá vinadeildinni, þarf að gæta þess, segir Guðný, að þau verkefni eigi sér upphaf og endi. Ella sé hætta á að deildirnar missi móðinn. „Það er nauðsynlegt að deildirnar sjái fyrir endann á aðstoðinni. Sum verkefni hafa teygst svo á langinn að þreyta hefur komið í stjórn deildanna hér á landi.“

Efla persónuleg tengsl

Ein rökin fyrir því að safna meðal almennings og senda fatnað eða aðrar vörur með gámi er að þannig nái Rauða kross deildin að virkja almenna bæjarbúa og upplýsa þá um neyðina úti í heimi. Hvað finnst þér um þau rök?



„Ég tel nauðsynlegt að aðstoð vinadeilda skapi eitthvað á staðnum,“ segir Guðný.

„Best er að aðstoðin sé beggja blands. Það er alveg rétt að svona safnanir geta ýtt við fólk. Hins vegar er ekki síður nauðsynlegt að efla persónuleg tengsl á milli deildanna. Senda sjálfboðaliða frá deildunum til að þeir sjái með eigin augum að aðstoðin kemur virkilega að notum. Þeir koma síðan heim og miðla því áfram til annarra.“

En hvernig kom Serbía þér annars fyrir sjónir?

„Þetta er myndarlegt fólk og gerir ótrúlega mikið úr litlu. En fátæktnin er mikil og atvinnuleysið gifurlegt. Við heimsóttum meðal annars flóttamannabúðir og mér fannst við verða að gera eitthvað fyrir þetta fólk sem er sumt búið að vera í búðunum í fimm til sex ár. Við ákváðum í kjölfarið að taka frá ákveðna upphæð til að styrkja fólk í flóttamannabúðunum, meðal annars með matarþökkum fyrir börn. Í kringum Sremski er mikið landbúnaðarhérað frá fornu fari og það gæti framleitt kornmeti fyrir alla Evrópu ef því væri að skipta. En þegar viðskiptabann var lagt á Serbíu varð fólk að alveg bjargarlaust, þeir gátu ekkert selt úr landi og þar af leiðandi ekkert keypt heldur. Það var skorið á tengslið við umheiminn og alveg greinilegt að fólk þjáðist vegna þessarar einangrunar. Og maður fann að vinadeildasamstarfið leiddi ekki eingöngu til efnahagslegs ávinnings fyrir fólk í Sremski. Það gladdi þau ekki síður í þessari efnahagslegu og félagslegu einangrun að sjá að til var fólk norður á Íslandi sem hafði áhuga á að hjálpa þeim í þessum þrengingum.“

Heimsókn Rauða kross félaga á Vestfjörðum til Uzice í Serbíu:

Ömurlegt ástand í fallegu landi

Sigríður Magnúsdóttir, formaður Öndarfjarðardeildar, skrifar

Einlægt þakklæti mætti sendinefnd Vestfjarðadeildanna í Uzice í Serbíu þar sem hundruð flóttamanna hirst í flóttamannabúðum og eygja enga von um betri framtíð.

Það var komið haust í Belgráð. Rigning, drungi og mikil mengun var yfir borginni þegar við lentum á flugvelli. Við urðum þess fljótt áskynja að ferðafólk var fáséð og atvinnuleysi mikið því erfitt var að komast út úr flugstöðvarbyggingunni fyrir leigubílstjórum sem vildu ólmir fá að aka okkur. Rauðakrossmaður kom þá aðvifandi og bjargaði okkur frá æstum leigubílstjórum en Rauði krossinn í Júgóslavíu lét okkur í té bíl, bílstjóra og túlk meðan á dvöl okkar stóð.

Meiri sprengikraftur en í Hírósíma

Rauði krossinn í Júgóslavíu hefur staðið frammi fyrir gríðarlegum erfiðleikum undanfarnir 10 ár. Á 78 dögum vorið 1999 fóru 1100 Nató-flugvélar í 25.200 árásarferðir yfir Júgóslavíu og slepptu rúmlega 25.500 tonnum af sprengiefni á landið. Þetta var margfalt meiri sprengikraftur en í kjarnorkusprengjunum sem sleppt var á Hírósíma og Nagasakí í seinni heimsstyrjöldinni. Okkur var sagt að nú fyrst – tveimur árum eftir árásirnar – væri farið að birta almennilega í lofti eftir mengunina sem sprengingunum fylgdi. Þúsundir manna létust í árasunum og verksmiðjum og fyrirtæki að andvirði 100 milljarða bandaríkjadala eru nú rústir einar. Fimmtíu mikilvæggar brýr, allir flugvellir og fjöldi járnbrautarmannvirkja voru sprengd í loftárásun NATÓ. Milljónir manna voru án rennandi vatns og rafmagns vegna árása á raforkuver og vatnsleiðslur. Lítil greinarmunur virðist hafa verið gerður á hernaðarmannvirkjum og mannvirkjum sem fyrst og fremst þjónuðu almenningi.



Deildirnar á Vestfjörðum hafa styrkt byggingu á vörugeymslu fyrir hjálpargögn. Í heimsókninni til Uzice gafst fulltrúum deildanna tækifæri til að skoða afrakstur aðstoðarinnar.

Örlög flóttamanna

Staða um 600 þúsund flóttamanna frá Króatíu og Bosníu er hrikaleg. Ekki bætti úr skák þegar fjöldi manna flúði árásir Nató 1999 til Serbíu. Þótt lífskjör almennings í Júgóslavíu séu bág þá eru aðstæður flóttamanna enn verri. Fæstir fá vinnu og nánast engin von er um að komast aftur heim. Þrátt fyrir yfirlýsta stefnu alþjóðasamfélagsins um að gera flóttamönnum kleift að snúa heim, þá hefur slíkt verið nánast útilokað í framkvæmd. Erfiðleikar þessa fólks eru svo umfangsmiklir að ógjörningur er að leysa vandann án mikillar alþjóðlegrar aðstoðar.

Einlægt þakklæti

Til Uzice er þriggja tíma akstur frá Belgráð og stendur bærinn í skógi vöxnu fjalllendi. Ungur og kraftmikill framkvæmdastjóri deildarinnar, Dragomir Citic, tók á móti okkur og var með okkur mestallan tíman. Faðir hans hafði verið sjálfboðaliði Rauða krossins í 40 ár og formaður deildarinnar um árabil þannig að Dragan var svo að segja fæddur inn í Rauða krossinn. Skrifstofur deildarinnar í Uzice eru ekki stórar og þar er aðeins ein tölvu, en þarna starfa sex starfsmenn og fjöldi sjálfboðaliða enda búa um 80 þúsund manns á starfssvæði deildarinnar – fyrir utan flóttafólkið. Deildin rekur súpueldhús og hefur dreift gríðarlegum fjölda matarpakka á síðustu

árum. Þess vegna var ákveðið árið 1999 að byggja birgðaskemmu undir hjálpargögn og styrktu vestfirsku deildirnar bygginguna. Skemman er stór og vel byggð og þegar fólkið sýndi okkur afrakstur fjárstuðningsins skein einlægt þakklæti úr augum þess.

Tólf í einu herbergi

Sex flóttamannabúðir eru í þessu erfiða fjallendi og við heimsóttum tvær þeirra. Í þessum búðum eru 40–50 manns um hvert klósett og hver fjölskylda hefur eitt lítið herbergi. Við heimsóttum bræður sem voru saman í litlu herbergi með fjölskyldur sínar, eiginkonur og 8 börn á aldrinum 5 mánaða til 16 ára. Þau höfðu stúkað herbergið niður með hillum, öðrum megin voru þrefaldar kojur en eldunaraðstaða hinum megin. Sumir hafa hirst þarna í 10 ár.

Aðrar búðirnar hýsa 400 manns og standa í fjalli fyrir ofan bæinn. Hænsna- og svínahús voru byggð við búðirnar fyrir fé frá Rauða krossi Íslands. Flóttafólkið hélt líka geitur og nokkrir höfðu fengið vinnu við að pakka klósettappír á lítilli vinnustofu. Aðrir stunduðu handavinnu, þrjónuðu meðal annars fallegar og skrautlegar peysur sem þau reyndu að koma í verð. Þarna hittum við meðal annars konu um þrítugt, hjúkrunarfræðing sem hafði dvalið nokkur ár í búðunum, og hún kvaðst mundu fara hvert sem henni byðist í heiminum – jafnvel til Afganistans.

Nístandi vonleysi

Við gistum á fallegu fjallahótelum þar sem við höfðum allt til alls og meira en það. Þegar ég lagði höfuðið á koddann kvöldið sem við heimsóttum flóttamannabúðirnar kom svefninn seint. Vonleysið í augum fólksins hafði greipt sig inn í huga minn. Einu sinni hafði þetta fólk átt betra líf, atvinnu, húsnæði og bjarta framtíð alveg eins og við hér á Íslandi. Þessu voru þau svipt í einu veffangi í óskiljanlegu stríði milli þjóðarbrotara.

Eiturlyfjasalarnir eru fyrirmyndirnar

Ömurleg sjón blasti við okkur þegar við heimsóttum 1400 nemenda barnaskóla sem eitt sinn var virtasta skólastofnun héraðsins. Opinberar byggingar hafa ekkert viðhald fengið í rúman áratug og í skólanum voru hræðilega illa farnir veggir, salernisaðstaða ömurleg, húsgögnin léleg og nær engin kennslugögn. Jafnvel töflukrítar voru af skornum skammti. Fíkniefnanotkun er gífurleg og skólastjórinn sagði erfitt að sporna gegn henni. Enda sjá börnin að eiturlyfjasalarnir hafa það fjárhagslega svo miklu betra en aðrir. Sjálfsmörð eru tíð meðal unga fólksins og skólastjórinn sagðist hafa miklar áhyggjur af svartnættinu sem við því blasti. „Við verðum að gefa unga fólkinu von.“

Til að byggja upp sjálfstraust nemenda kom Rauði krossinn í Uzice á fót leikhúsi fyrir ungt fólk.

Serbar eru stolt fólk

Serbar eru vingjarnleg en stolt fólk og það veittist þeim ekki létt að sýna okkur þessa eynd og örbirgð. Ferðin liður mér seint úr minni, bæði vegna ömurlegra aðstæðna fólks í þessu fallega landi og eins vegna þeirrar vináttu, höfðingskapar og þakklætis sem mætti okkur hvarvetna. Ég hafði ekki gert mér grein fyrir því hversu mikilvæg hún var, sú litla aðstoð sem við höfðum veitt.

David Stephens, kennari og guðfræðingur, ásamt Júlíu Siglaugsdóttur. David var kjörinn sjálfboðaliði ársins í Western Cape árið 2001. Hann hefur byggt upp starf ungmennahreyfingar Rauða krossins úr 6 manna hópi í rúmlega 2000 á örfáum árum.



Esther Brune, frá Fáskrúðsfirði, að vingast við hund í hreysahverfi við þjóðveginn. Ólíkt öðrum hreysahverfum sem við sáum var hér greinilegur metnaður lagður í viðhald.

Eldmóður sjálfboðaliða í Suður-Afríku

Freyja Friðbjarnardóttir, svæðisfulltrúi Rauða krossins á Austurlandi, og Júlía Siglaugsdóttir, formaður Héraðs- og Borgarfjarðardeildar, skrifa.

Dvölin í Suður-Afríku var einstök upplifun, segja þær Freyja og Júlía, en ástandið er víða slæmt. Offjölgun og örbirgð eru mikil. Götubörn og heimilislausir eru átakanleg sjón en ánægjulegt var að verða vitni að þeim eldmóði sem skein af sjálfboðaliðum og starfsmönnum Rauða kross deildarinnar í Western Cape.

Það var Douglas Davidson, framkvæmdastjóri Rauða krossins í Western Cape, sem sótti okkur á flugvöllinn. Við áttum nokkra fróðlega fundi fyrstu dagana og kynntum okkur einnig starf með alnæmissjúklingum. Sátum meðal annars fund hjá sjálfstyrkingarhópi sjúklinga en þeirra á meðal voru nokkur börn með foreldrum sínum, þar af eitt vikugamalt sem hafði verið skírt No More – Aldrei aftur. Þetta var fimmta barn smitaðra foreldra en átti að verða það síðasta.

Óumdeilt húsbóndavald
Í Khayelitsha-hreysahverfinu heimsótt-

um við 23 ára gamla alnæmissjúka stúlku sem átti skammt eftir ólífað. Líkami hennar hristist tilviljanakennt í ósjálfráðum krampaköstum og sjónin var farin. Stúlkan bjó ásamt móður sinni og ömmu og fjölskyldum þeirra í litlum kofa og hafði hvorki efni á lyfjum né sjúkráhusvist. Sjálfboðaliðar Rauða krossins heimsóttu stúlkuna tvisvar á dag til að lina þjáningar hennar.

Að sögn sjálfboðaliða sem við ræddum við eru fordómar karlmanna og það að þeir afneita tilvist sjúkdómsins helsta ástæða þess að ekki gengur betur að hefta útbreiðslu alnæmis. Karlmenn eiga oftan en ekki marga bólfélag og breiða því veikina hratt á milli. Eiginmaðurinn ræður yfir eiginkonunni og húsbóndavaldið er óumdeilt. Tölfræðin segir að meirihluti smitaðra sé konur en staðreyndin er sú að karlmenn eru ekki færri. Þeir bara neita að fara í alnæmispróf.

Myndmenntaverkefnið

Það er erfitt að horfa upp á allslaus götubörn sem eiga hvergi heima. Ungmennastarf deildarinnar í Western Cape er þó til mikillar fyrirmyndar og reynt hefur verið að setja upp athvörf fyrir heimilislaus börn. En börn sem eru vön „frelsi“ götunnar tolla illa í slíkum athvörfum og eiga erfitt með að laga sig að aga og reglum. Rætur vandans liggja

dýpra en svo að hægt sé að kippa málum í liðinn þegar börnin hafa vanist götulífinu.

Til að byrgja brunninn vinnur Rauði krossinn því fjölbreytt ungmennastarf í hreysahverfunum. Utan skólatíma er lítið við að vera fyrir skólakrakka og því hefur Rauði krossinn beitt sér fyrir því að setja á fót uppbyggilegt tómstundastarf. Sjálfboðaliðar sjá alveg um ungmennastarfið og einungis einn starfsmaður er á launum við að halda utan um ungmennastarfið á Western Cape-svæðinu. Deildin hefur fengið afnot af húsnæði skólanna en efni og áhöld annars staðar frá. Austfjarðadeildirnar hafa styrkt myndmenntaverkefni sem er liður í þessu ungmennastarfi í hreysabyggðinni Langa. Þar afhentum við áhugasömum börnum áhöld og efni til að halda verkefniinu áfram.

Lótus-stúlkurnar

Við heimsóttum einnig Lotus River og hittum þar nokkrar stelpur sem taka þátt í verkefniinu „Young women in distress“ – Ungar konur í vanda. Verkefnið nýtir stuðnings frá norska Rauða krossinum og felst í því að halda utan um hóp unglingsstelpna sem búa á svæðum þar sem glæpaklíkur ríkja og því hætta á að unglingar leiðist á glapstígu. Stelpurnar hittast ásamt leiðbeinendum sínum reglulega í hálf tónnað ár. Þær fá kjarngóða sjálfstyrkingu og eru með-

al annars fræddar um ótímabært kynlíf, vímuefni og glæpi. Við áttum góða stund með þessum stelpum og okkur leist vel á þetta verkefni.

Ótrúlegur eldmóður sjálfboðaliða

Á heildina lítið var þessi ferð einstök upplifun. Við fengum breiða innsýn í starfsemi Rauða krossins í Suður-Afríku og hittum marga hugsjónamenn í sjálfboðamennskunni. Við sáum afkastur vinnu þeirra, hvernig sjálfboðaliðum hefur tekist að virkja kraft ungmennanna og fengið þau til að leggja stund á fótbolta, samkvæmisdansa, breikdansa, söng, myndmennt og fleira.

Við heilluðumst líka af þeim eldmóði og áhuga sem skein af forsvarsmönnum deildarinnar. David Stephens, sem hefur byggt upp starf ungmennahreyfingarinnar, var alveg ótrúlegur en hann og kona hans Violet helga líf sitt sjálfboðnu starfi. Af veraldlegum gæðum eiga þau lítið en geisla þó af lífsamingju. Það voru því þakklátir ferðalangar sem lentu á Keflavíkurflugvelli eftir 29 tíma ferðalag, reynslunni ríkari. Við vorum sammála um að reynslan jafnaðist á við 10 mánaða ferðalag en ekki 10 daga. Eftir að hafa kynnst aðstæðum á Höfðaborgarsvæðinu kunnum við enn betur að meta þá staðreynd að við erum Íslendingar.

Samningur um skipan hjálparliðs Almanna- og Hjúskaparvarnara

Samkomulag um skipan hjálparliðs Almanna- og Hjúskaparvarnara ríkisins var undirritað 29. apríl og gerðu það forsvarsmenn Almanna- og Hjúskaparvarnara ríkisins, Slysavarnafélagsins Landsbjargar og Rauða kross Íslands. Þetta samkomulag er endurnýjun á eldri samningi sem fallinn var úr gildi. Fyrirhugað er að fulltrúar allra samningsaðila fari saman um landið í haust til að

aðstoða heimamenn við gerð héraðssamninganna. Rauði kross Íslands hefur lagt stjórnkerfi sitt að því skipulagi sem samverkamenn nota við almanna- og hjúskaparvarnir. Skráningarmál eru nú mun skýrari en áður og er Rauða krossi Íslands formlega falið í samningnum að sjá um skráningar og veita aðstandendum upplýsingar.

Þessa dagana er verið að merkja fjöldahjálparstöðvar á landinu svo að almenningur viti hvar hann getur leitað skjóls á neyðartímum. Rauði kross Íslands annast fjöldahjálparstöðvar og hafa allar deildir Rauða kross Íslands skipulagt fjöldahjálparstöðvar. Fjöldahjálparstöðvar eru flestar í skólum og sjá almanna- og hjúskaparvarnir og deildir Rauða kross Íslands í



Fjöldahjálparstöð

héraði um staðarval. Stöðvarnar eru nú 159.

Föstu- dagur í apríl

Starfsfólk og gestir gæða sér á heimilistegum mat í eldhúsinu í Vin.

**Arnar Valgeirsson,
starfsmaður í Vin, skrifar**

Þeir eru ekki allir eins, dagarnir í Vin. Einn daginn koma kannski 20 gestir en 40 þann næsta. Nokkrir eiga íbúð, aðrir leigja eða eru á sambýli, einn af hverjum 10 á hvergi heima. Það er öllum mikilvægt að hafa hlutverk og í Vin taka gestir virkan þátt í daglegum störfum. „Enginn getur allt en allir geta eitthvað.“

Gestir Vinjar læðast inn, einn og einn. Góðan daginn, góðan daginn. Það er hellt upp á kaffi, tekið úr uppþvottavél, litið í blóðin og sumir fá sér léttan morgunverð.

Í Vin er ekki talað um sjúklinga, allir eru gestir staðarins. Þetta er athvarf fyrir geðfatlaða, enginn feluleikur með það. Nokkrir fara upp í reykherbergi, það er farið út í búð að ná í það sem upp á vantar fyrir matinn. Vala tekur að sér að svara í símann. Ingi kemur fyrir vorlaukum sem keyptir voru á miðvikudaginn í

Eden í Hveragerði en þangað fór 18 manna hópur í dagsferð. Vorum að heimsækja gamla kunningja sem lengi hafa sótt Vin en eru nú í Ási í Hveragerði. Gaman að sjá hvað þeir litu vel út, piltarnir.

Góðan daginn, Jón, góðan daginn, Gunnar. Jón býr á sambýli fyrir geðfatlaða ásamt fleiri piltum og þeir eru duglegir að koma, fá sér kaffi eða grípa í spil. Dugnaðarpiltar, nokkrir í vinnu hálfan daginn, hinir mikið á ferðinni.

Ósköp rólegt yfir öllu, klukkan er ellefu og ellefu gestir komnir. Útvarpið malar í eldhúsinu þar sem pottarnir krauma og Páll Rósinkrans snýst í geislaspilaranum inni í stofu og syngur af alunnri list. Róbert skoðar myndaalbúm og Kristján spjallar við finkurnar tvær, sem búa í stórrí höll í horni stofunnar. Höllin er gjöf frá gesti Vinjar.

Búið að dekkja borð fyrir 14 manns, matur verður tekinn frá fyrir tvo pílta sem eru í vinnu fyrir hádegis.

Gestur og starfsmaður hjálpast

að við eldamennsku og ákveða saman hvað verður í matinn. Í dag er pottréttur með fullt af kartöflum og gómsætu salati.

Uppi eru tölur, alltaf einhver að skrifa eða á netinu. Í kjallara þvottavél sem gengur nánast allan daginn, sturta og hvíldarherbergi. Voða gott að halla sér eftir matinn eða bara á morgnana ef nætursvefninn hefur verið glöppóttur.

Síminn hringir látlaust og er oftast til Guðbjargar forstöðukonu sem er í ýmsum ráðum og nefndum tengdum aðstoð við geðfatlaða.

Ó, hvað maturinn var góður. Honum voru gerð góð skil og svo kaffi (og sígó hjá sumum). Föstudagar eru vídeódagar en ekki í dag því það er samstarfsfundur í Geðhjálp á Túngötunni. Allir hvattir til að mæta.

Geðhjálp kl. 13:30. Tuttugu manns mættir á fundinn. Við ætlum að fræðast um hvað þau eru að bralla – og öfugt. Kannski hægt að finna sameiginlegan flöt á tómsundastarfi. Hér skortir ekki hug-

myndir og margt er skeggrætt og planlagt. Dömunar í eldhúsinu taka alltaf vel á móti okkur með kaffi og kókum, algjör veisla.

Það er fámenn í Vin þegar þangað er komið um þrjúleytið. Tuttugu gestir höfðu komið yfir daginn og einhver þirringur látið á sér kræla seinni partinn. Þung orð verið látin falla. Fólk er reitt út í kerfið, erfitt að fá hjálp, margir blankir og kvíða helginni. Það er ekkert grín að lifa á örorkubótum, svo ekki sé talað um ef maður á ekki heimili.

Svona titringur kemur upp annað slagið, einhver hafði víst rokið út og skellt á eftir sér, en svona er þetta bara. Eftir helgi verða allir orðnir vinir aftur – í Vin.

Klukkan nálgast fjögur og þeir sem eftir eru fara að reima á sig skóna.

Bless, bless og takk fyrir daginn. Góða helgi. Já, takk og sömuleiðis, sömuleiðis, sömuleiðis.

Víðsýnir félagar

Í grænni lautu í Hánefsstaðaskógi í Svarfaðardal, á ferðalagi Vinjar um Norðurland árið 1999, ákvað 18 manna hópur að stofna ferðafélag. Félagið fékk nafnið Víðsýn og sumarið 2000 var farið til Stokkhólms – sumir í fyrstu utanlandsferðina. Nú stefna félagar Víðsýnar til Edinborgar í september. Rebekka Bjarnadóttir ætlar að skella sér með til Skotlands.

„Ég byrjaði að safna fyrir ferðinni í október, legg fyrir 5000 krónur á mánuði. Neita mér um ýmislegt og það er ekkert bruðl!“ segir Rebekka sem á 5 börn, 7 barna-

börn og foreldra á lífi svo að félagslegar aðstæður hennar eru betri en margra sem stunda Vin. „Ég borga sanngjarna leigu fyrir íbúð hjá Öryrkjabandalaginu og veit ekki hvernig ég kæmist af öðruvísi.“

Rebekka frétti af Vin hjá félagsfræðingi á Reykjalandi eftir langvarandi kvíða og þunglyndi og hefur komið þangað reglulega í rúm fjögur ár. „Stundum elda ég og svo er hér góður félagskapur.“

Rebekka segist afar stolt af sjálfri sér að takast á við þessa ferð. „Ég hef farið nokkrum sinnum til útlanda, síðast til Færeyja '94 með Hjálpræðishernum.“



Rebekka hlakkar mikið til Edinborgarferðarinnar.

Námsflokkar Reykjavíkur hafa haldið námskeið fyrir félagið um Skotland með sérstaka áherslu á Edinborg. „Það er sérlega skemmtilegt og fróðlegt. Eykur samheldni að vera á námskeiði með samferðarfólki,“ segir Rebekka og leggur áherslu á að hún mundi ekki treysta sér í svona ferð nema með fólki sem hún þekkir og treystir. „Starfsfólk og gestir fara saman, eftir langan undirbúning, og ég hlakka voða mikið til. Ég er meira að segja farin að hugsa um í hvaða fötum ég á að fara,“ segir hún og brosið nær út að eyrum.

Hátíð í Hindanebyggð

Sólveig Ólafsdóttir upplýsingafulltrúi fyrir sunnanverða Afríku skrifar

Ný heilsugæslustöð hefur risið í Hindane og var hún vígð með pompi og pragt 30. apríl. Íbúarnir fögnuðu heilsugæslunni nýju eins og Mósambíkum einum er lagið – með söng, dansi, ræðuhöldum og að sjálfsögðu aldagöllum síðvenjum til að tryggja blessun forfeðranna.

Þremur árum eftir að þetta samvinnuverkefni Próunarsamvinnustofnunar, Rauða kross Íslands og Rauða kross Mósambíkur hófst er heilsugæslustöðin risin og ótrúlegt fjölmenni var við vígsluna. Fulltrúar PSSÍ og Rauða krossins hafa ferðast alla leið frá Íslandi til að fagna með þeim sem hafa unnið hörðum höndum að því að þessi dagur yrði að veruleika.

Og árangurinn af starfi þeirra blasir við þegar við stígum út úr bílunum – reisuleg bygging með öllum þeim tækjum og tólum sem þarf til að halda uppi almennri heilsugæslu fyrir þá 25 þúsund íbúa sem þjóna skal. Einnig eru tvö íbúðarhús fyrir hjúkrunarkonurnar tvær sem hafa umsjón með heilsugæslunni og aðstoða 18 yfirsetukonur í Hindanebyggð við mæðravernd og mæðraskoðun. Að auki munu um 40 sjálfboðaliðar Rauða krossins vinna í tengslum við heilsugæsluna, meðal annars við að veita alnæmissjúklingum og fjölskyldum þeirra aðhlyningu heima fyrir.

Að söng og dansi loknum taka öldungar samfélagsins við. Allir safnast saman við heilagt tré í miðju lóðarinnar þar sem tala skal við

anda áanna. Forfeðurnir voru beðnir um blessun á þessum stað fyrir þremur árum þegar fyrsta skóflustungan að heilsugæslustöðinni var tekin og nú skal beðið um áframhald á því samstarfi. Og það dugar ekkert minna en að skála við anda forfeðranna – og þeim er skammtað veglega af víni. En það eru einungis öldungarnir sem hlotnast sá heður að dreypa á veigunum með þeim.

Svo er öllum íbúunum boðið að líta á herlegheitin. Konurnar kunna



Ungmenni úr nærliggjandi þorpum sýndu ótrúlega fimi og styrk í aldagömlum herðönsum þar sem hvert spor hefur sögu að segja.

sér vart læti þegar þær koma inn í mæðraskoðunarstofuna. Næsta lækniástoð er í meira en 50 km fjarlægð og því lítið um að fólk geri sér ferð þangað nema mikið liggi við. Þær kunna sérstaklega vel að

meta mæðraskoðunarbekkin og ekki laust við að manni renni í grun að það hlaupi kippur í fjölgunina í samfélaginu á næstu mánuðum – svona rétt svo þær geti notið þessara nýju aðstæðna. Gleðin er allsráðandi. Þessi áfangi er ekki síður ánægjulegur fyrir þá sök að vera fyrsta sameiginlega verkefni Próunarsamvinnustofnunar við frjáls félagsamtök og lofar góðu um framhald á samstarfi Rauða kross Íslands og PSSÍ, eins og Margrét Einarsdóttir, verkefnis- og útgáfustjóri PSSÍ bendir á.

En síðast en ekki síst er þessi áfangi mikilvægur fyrir Hjördísi Guðbjörnsdóttur, sendifulltrúa Rauða kross Íslands í Mósambík. Hjördís hefur haft umsjón með öllum framkvæmdum við heilsugæslustöðina og séð hana rísa þrátt fyrir tafir.

„Ég kom hingað í ársbyrjun 2000, beint inn í heljarmikil flóð sem grönduðu hundruðum manna og ollu gífurlegu tjóni. Og í stað þess að hefja þetta verkefni byrjaði ég starf mitt hér í neyðarástoð með mósambíska Rauða krossinum og Alþjóðasambandi Rauða krossins. Það hefur því gengið á ýmsu en það er ótrúlegt að sjá árangur erfiðisins hér í dag. Og það sem er best við þetta allt saman er að sjá hvað íbúarnir hérna eru glaðir. Það gefur þessu enn meira gildi,“ sagði Hjördís að lokum.



Torben Friðrikssyni, stjórnarmanni Rauða kross Íslands, voru færðar tvær geitur að gjöf sem þakklætisvottur ásamt sýnishorni af öllum þeim landbúnaðarafurðum sem íbúarnir rækta.

Heilsugæslustöðin nýja þjónar 25 þúsund íbúum Hindane og mikið fjölmenni var samankomið til að skoða stöðina þegar hún var vígð.



Forráðamenn Sparisjóðsins, Flugleiða-Frakt og Íslandspósts afhentu Sigrúnu Árnadóttur framkvæmdastjóra Rauða krossins umslög full af erlendu klinki sem starfsmenn fyrirtækjanna höfðu safnað í upphafi áttaksins.



Enn hægt að skila afgangsmýntinni!

Undir yfirskriftinni „Gömul mynt – ný tækifæri“ sendi Rauði krossinn umslag í hvert hús á landinu í byrjun maí og bauð landsmönnum að gefa til hjálparstarfs erlent klink og seðla sem þeir sjá ekki fram á að nota sjálfir. Viðbrögðin hafa verið með ólíkindum.

Umslögin hafa streymt inn til Sparisjóða og í pósthús undanfarnar vikur. Af-raksturinn fer allur til starfs Rauða krossins með ungu fólki hér á landi. Enn er tekið við þannig að þeir sem eru enn með umslögin heima geta látið afgangsklinkið gera góðverk.

Rauði krossinn nýtur aðstoðar Sparisjóðsins, Flugleiða-Frakt og Íslandspósts við þessa fjáröflun. Starfsmenn fyrirtækjanna byrjuðu á að safna fé sem áætlað er að muni gefa af sér um eina milljón króna.